



Sveitarfélagið  
Vogar

Reykjanesbær  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbæ

Vogum, 30. október 2020  
2005039 SHV

**Efni: Kynning tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 vegna íbúðarsvæðis ÍB-3-1 og tillaga að deiliskipulagi Grænuborgar.**

Sveitarfélagið Vogar kynnir hér með, skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grænuborgar skv. 3. mgr. 40. gr. sömu laga. Breytingarnar varða þéttleika og fjölda íbúða á skipulagssvæðinu og kafla 2.1.1 um íbúðasvæði í greinargerð aðalskipulags. Sú breyting er gerð að mögulegum íbúðum á svæðinu fjölgar um 400 og verður hverfið fullbyggt eftir breytingu með um 850-900 íbúðum, eða um 35-37 íbúðir á hvern hektara. Breytingin er tilkomin vegna samkomulags landeigenda meginhluta svæðisins og sveitarfélagsins um uppbyggingu svæðisins með íbúðafjölda í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Fyrir utan breytingar þessar gildir greinargerð Aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2008-2028, sem samþykkt var 23. febrúar 2010, m.s.br. Samhliða gerð breytingar á aðalskipulagi er gerð breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðisins Grænuborgar (sem nær yfir um helming íbúðarsvæðis ÍB-3-1) sem fellst m.a. í því að auka þéttleika byggðar á svæðinu og fjölga mögulegum íbúðum.

Tillögurnar eru til kynningar frá og með 2. nóvember 2020 til og með 16. nóvember 2020 og eru aðgengilegar á vef Sveitarfélagsins Voga, þar sem má kynna sér þær á slóðinni: <https://www.vogar.is/is/thjonusta/skipulag/skipulag-i-kynningu>

Tillögurnar verða einnig kynntar og til umræðu á almennum veffundum fimmtudaginn 5. nóvember nk. kl. 17 - 18. Hlekkur á fundinn mun birtast á vef sveitarfélagsins [www.vogar.is](http://www.vogar.is)

Ábendingum vegna tillagnanna má senda skriflega til Sveitarfélagsins Voga með bréfi eða tölvupósti á netfangið [skrifstofa@vogar.is](mailto:skrifstofa@vogar.is) eigi síðar en 16. nóvember 2020.

Að lokinni kynningunni verða endanlegar tillögur teknar til umfjöllunar hjá skipulagsnefnd og að henni lokinni lagðar fyrir bæjarstjórn til samþykktar til formlegrar auglýsingu þeirra, skv. 31. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefst þá tækifæri til að gera formlegar athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins athugasemdafrests.

Virðingarfyllt,

Sigurður H. Valtýsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi



Vogar  
Skipulags- og  
byggingarfulltrúi



- Vinalegur bær